

Foreldrafélag og foreldraráð leikskólans Leikgarðs

Starfsreglur foreldraráðs/foreldrafélag leikskólans Leikgarðs

Foreldrafélagið er hugsað sem tengiliður foreldra og starfsfólks leikskólans. Markmið þess er, eins og fram kemur í lögum og reglugerð um starfsemi leikskóla <http://www.althingi.is/lagas/135b/2008090.html>, að stuðla að velferð barnanna og kappkosta að efla alhliða þroska þeirra í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins. Einnig að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar. Foreldrafélagið/foreldraráð er vettvangur fyrir foreldra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi starfið á leikskólanum

1. Grein.

Foreldrafélagið heitir foreldrafélag Leikgarðs

2. Grein

Félagar eru foreldrar/forráðamenn barna á leikskólanum Leikgarði

3. Grein

Foreldraráð/foreldrafélag leikskólans Leikgarðs starfar samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

4. Grein

Kosning stjórnar fer fram á aðalfundi. Hver deild skal eiga a.m.k. 2 fulltrúa. Auk þess situr fundi leikskólastjóri. Kosið er í foreldrafélag/foreldraráð einu sinni á ári í september ár hvert.

5. Grein

Fulltrúar í foreldraráði/foreldrafélagi velja sér formann og skipta með sér verkum (formaður – varaformaður og ritari) á fyrsta fundi ráðsins eftir kosningar hverju sinni.

6. Grein

Foreldraráðsfulltrúum er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, kennara eða aðra sem þeir verða áskynja um í starfi sínu. Foreldraráðsfulltrúar undirrita þagnareid því til staðfestingar á fyrsta fundi ráðsins að loknum kjörfundi.

7. Grein

Foreldraráð heldur fundargerðarbók. Fundargerðir skulu sendar leikskólastjóra og birtar á vef foreldraráðs sem vistaður er á heimasíðu skólans. Sér leikskólastjóri um að birta þær á vef leikskólans. Fundir foreldraráðs skulu fara fram á hverju starfsári eins oft og þurfa þykir. Á sameiginlegum fundum leikskólastjóra og foreldraráðs veitir leikskólastjóri upplýsingar varðandi starfsemina og skólahald almennt, breytingar á henni og þróun.

8. Grein

Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna með því að stuðla að samvinnu milli foreldra og leikskóla og styðja við starfsemina, t.a.m. með skipulagningu viðburða í samstarfi foreldra og leikskóla. (eins og sumarhátíð sem er haldin í byrjun júní ár hvert).

Samþykkt samhljóða á fundi þann 25 nóvember 2013

Fyrir hönd foreldraráðs/foreldrafélags Leikgarðs

María Petrína Berg

Leikskólastjóri